



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2025

LIME1IN05
Listir og menning 1

Kennarar:	Anna Kristín Valdimarsdóttir (AKV), annakristin@fsu.is Guðbjörg Bergsveinsdóttir (GB), guðbjörgbergsveinsdottir@fsu.is
------------------	--

Áfangalýsing:

Áfanganum er ætlað að veita nemendum innsýn í hinar ýmsu listgreinar og fjallað er um ólíka þætti listalífsins s.s. myndlist, handverk, hönnun, leiklist o.fl., og þá menningarþætti sem mótað hafa listsköpun mannsins í gegnum tíðina.

Nemendur skoða áhrif og tilgang lista og nýsköpunar í samfélaginu og í sögulegu samhengi, meðal annars með tilliti til virkni listalífs og efnahagslegra áhrifa.

Markmið áfangans er að nemandinn öðlist hæfni til að tengja sig við og njóta þeirrar menningar sem hann er hluti af og efla hæfni hans til skapandi starfa.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- sérkennum mismunandi listgreina
- mikilvægi listsköpunar í samfélaginu
- hvernig stefnur og straumar í listum taka sífellt breytingum
- samspili ólíkra listgreina og hvernig þær hafa áhrif hvor á aðra
- möguleikum sem listnám hefur upp á að bjóða

Leikniviðmið -nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skoða og meta eigin gildi og viðhorf til margvíslegra listforma
- vinna á sjálfstæðan og skapandi hátt að verkefnum undir leiðsögn kennara

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tengja sig við þá menningu sem hann er hluti af
- vera virkur í menningar- og listalífi
- taka þátt í umræðum um menningu og listir
- efla hæfni sína til list- og nýsköpunar
- vinna með öðrum með umburðarlyndi og virðingu að leiðarljósi
- meta, greina og skynja listir og hönnun út frá eigin forsendum

Námsefni:

Engin kennslubók er í áfanganum en kennarar deila rafrænu efni með nemendum yfir önnina.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1-2	18.-29. ágúst	Námsþáttur: Innsýn í listir og menningu Kynning á áfanganum, farið yfir námsáætlun og nemendur vinna tímaverkefni um listir og menningu. Kennarar: Anna Kristín og Guðbjörg	Verkefni 1-2 Áhorf
3-5	1. sept – 19.sept	Námsþáttur: Myndlist Kennari: Anna Kristín	Verkefni 2-5
6-8	22. sept – 10. Okt <i>Kennsla fellur niður 29. sept v/starfsd. Kennara.</i>	Námsþáttur: Tíska Kennari: Guðbjörg	Verkefni 6-7
9 -11	13.- 31. okt <i>Miðannarmat 17. okt</i> <i>Haustfri 23.-24. okt</i>	Námsþáttur: Þáttökuverkefni Skráp fyrir miðannarmat Þátttaka í menningaroktóber Heimsókn á Listasafn Árnesinga	Ýmis þáttökuverkefni
12-14	27. okt- 14. nóv	Námsþáttur: Hönnun Kennari Guðbjörg	Verkefni 9-10
15-17	17. nóv- 10.des <i>Síðasti kennsludagur 10. des</i>	Námsþáttur: Kvikmyndir og leiklist Kennari: Anna Kristín Úrvinnsla og skrap Kennarar: Anna og Guðbjörg	Verkefni 11-12

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Þátttaka og virkni	Ýmis verkefni áfangans falla undir þátttöku og virkni s.s. mæting og virkni í kennslustundum, þátttaka í menningaroktóber, safnaheimsókn (Listasafn Árnesinga) o.fl.	15%
Innsýn í listir og menningu Kennarar: Anna Kristín og Guðbjörg	Verkefni 1: Hvað er listir og menning (2,5%) Verkefni 2: Menning og ég (2,5%)	5%
Myndlist Kennari: Anna Kristín	Verkefni: Myndlistarsýning í Listagjanni (5%) Verkefni: Ádeila (7%) Verkefni: Myndlistarfólk (5%) Verkefni: Listasöfn og gallerí (5%)	20%
Tíska Kennari: Guðbjörg	Verkefni: Hvað er tíska (2%) Verkefni: Fjölbreyttur fatastíll (3%) Verkefni: Textíll, Fatahönnun (15%)	20%
Hönnun Kennari: Guðbjörg	Verkefni: Hvað er hönnun (5 %) Verkefni: Hönnun (15 %)	20%

Kvikmyndir og leiklist Kennari: Anna Kristín	Verkefni: Kvikmynd og leikrit (10 %) Verkefni: Stuttmynd (10 %)	20%
Samtals		100%

Sérreglur áfangans:

- Athugið að þetta er símatsáfangi og ætlast er til að nemendur fylgist með námsáætlun og tilkynningum á Innu.
- Skila þarf öllum verkefnum samkvæmt námsáætlun og verkefnalýsingum.
- Mikilvægt er að virða skilafrest verkefna. Ef nemandi skilar of seint dregst **0,5** af einkunn fyrir hvern dag umfram skilafrest ef ekki hefur verið samið um annað við kennara.
- **Að sjö dögum liðnum** umfram skilafrest er ekki möguleiki að fá hærri einkunn en **5** fyrir verkefni.
- Mikilvægt er að nemandi sé í góðu sambandi við kennara ef hann lendir í vandræðum með verkefnaskil.
- Gefin er einkunnin 0 fyrir verkefni sem ekki er skilað.
- Gefin er einkunnin 0 fyrir verkefni sem unnin eru af gervigreind.
- Til að standast kröfur áfangans þarf að ná að lágmarki 5 í meðaleinkunn verkefna.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, 18. ágúst 2025

Anna Kristín Valdimarsdóttir og Guðbjörg Bergsveinsdóttir